

THE Lion

Blað nr. 228

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

Janúar / febrúar 2005



Grand Hótel Reykjavík
Fundarstaður fjöllumdæmisþings Lions 2005

Janúar / febrúar 2005 Blað nr. 228
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknensku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
 FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
 er opin frá kl. 12.00 til 15.00
 Sími 561 3122
 Fax: 561 5122
 e-mail / netfang: lions@lions.is
 Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
 Grundarlendi 22, 108 Reykjavík,
 Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
 Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lkl. Njörður

í blað 226 - Lkl. Fjörgyn

í blað 227 - Lkl. Eir

í blað 228 - Lkl. Mosfellsbæjar

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjöllumdæmisstjóri
 Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A
 Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109 B
 Árni Stefán Guðnason, fjöllumdæmisgjaldkeri
 Örn Gunnarsson, fjöllumdæmisritari og netstjóri
 Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri
 Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri
 Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
 Einar Þórðarson, félagastjóri
 Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fv.
 Alþjóðastjórnarmaður
 Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri
 Þórólfur Árnason, LCIFstjóri
 Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður
 Þórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri
 Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri
 Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri

Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður
 Þór Steinarrson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður
 Norðulanda

Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins
 Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri
 Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri
 Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
 Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna
 Guðmundur Finnbogason, verkefnastjóri
 Hörður Sigurjónsson, þingstjóri
 Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmisstjóri 109 A
 Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmisstjóri 109 B
 Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Framkvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2004-2005:

International President Clement Kusiak, Maryland, USA.
 Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul, Republic of Korea.
 First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.
 Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.
 Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.
 Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.
 Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.
 Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.
 Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.
 Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.
 Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.
 Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.
 E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.
 Howard Lee, Farnham, England.
 Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan.
 William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.
 James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.
 Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.
 Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.
 Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.
 Luis Alfredo Almansa.
 William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.
 Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.
 Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.
 Bill Crawford, Encinitas, California, USA.
 Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.
 Jan A. Holtet, Rasta, Norway.
 Dr. Mikio Ishibashi, Otaru, Japan.
 Somsakdi Lovisuth, Bangkok, Thailand.
 Sergio Maggi, Bari, Italy.
 Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.
 G. Durwand „Dur“ Robertson.
 Maynard Ruchks, Minnesota, USA.
 A.P. Singh, Kolkata, India.
 Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.
 Ernest „Ernie“ Young, jr., Lansing, Kansas, USA.



Ritstjórapistill

Hvað verður um allt brauðið sem selst ekki?

Mér datt þetta svona í hug þegar ég las um það í blöðunum um daginn að gæsirnar á Tjörninni hérna í Reykjavík væru svo svangar að þær væru farnar að narta í fingur á litlum börnum.

Þegar þetta er skrifað er ís yfir öllu, þakinn snjó. Það er skítakuldi. Fólk hefur dottið, fótbrotnað, handleggisbrotnað og ótal árekstrar hafa orðið til að valda milljóna tjóni. Það er vetur. Flest getum við nú samt bjargað okkur en það er ekki á færi allra, síst blessaðra fuglanna, að minnsta kosti sumra, sem draga fram lifið á því sem til þeirra er hent.

Hér í Fossvogsdal eru tjarnir þar sem endur og gæsir halda sig okkur og öðrum bæjarbúum til ómældrar ánægju. Brauðafgangarnir sem áður fóru út í tunnu fara þangað ekki lengur. Þeir fara í endurnar og gæsirnar sem taka á móti manni fagnandi og gæsirnar koma meira að segja fljúgandi, löngu áður en komið er að tjörninni. Svo verður þetta til þess að maður hefur sig í göngutúr sem er jú það besta sem hægt er að gera fyrir heilsuna.

Þó koma fyrir undantekningaratrik eins og þegar ég sá strák henda einhverju rusli að öndunum og ég kallaði til hans að þetta mætti hann ekki gera. Sá litli átti heldur betur svar við því: „Átt þú tjörnina“ kallaði hann og með það var hann rokin.

Í vor fjallaði pistillinn minn um samskipti heimilisfólks hér við þresti í hreiðurgerð. Nú er vetur, en samskiptin ekki síðri en þá og ef til vill meira fyrir þeim haft. Fuglalífið hér í Foss-

vogsdal er furðu mikið jafnvel þótt um hávetur sé og þegar það hefur uppgötvast að þrestirnir láta sér lynda af ganga af borðum heimamanna, sé það smátt skorið, þá verður það fljótlega að vana, í stað þess að henda þeim í ruslapokann, að saxa í smátt og fara með út, halda köttunum inni á meðan, og fyrr en varir er allt horfið. Manni hlýnar ósjálfrátt um hjartaræturnar í kuldunum að sjá hversu vel þetta virðist koma sér. Það liggur við að innkaupin séu farnar að gera ráð fyrir afgangi þannig að fuglarnir verði ekki útundan.

Það er ekkert sem segir að Lionsfélagar eigi að takmarka starf sitt með því að leggja mannfólkinu lið. Fuglarnir þurfa líka á okkur að halda. Þess vegna ættum við að hugsa okkur um tvisvar áður en við hendum brauðinu sem endur og gæsir tækju fagnandi og afgöngunum sem smáfuglarnir tækju með gleðitísi. Ef krakkarnir eru með þá finnst þeim það ótrúlega gaman.

Nú á dögum, þegar allir eru önnur kafnir, eru sjálfsagt margir sem kvarta yfir því að það sé svo langt þangað sem einhverjir fuglar eru og það taki svo mikinn tíma. Þeim tíma er þó miklu betur varið en margt sem við tökum okkur fyrir hendur.

Meðan svona kalt er í veðri og klaki og snjó yfir öllu þá eiga fuglarnir svolítið bág. Dagur lengist að vísu hænu-fet á dag, eða svo, en fyrir þessa litlu vini okkar er enn svo óralangt í vorið þegar matargjafir skipta kannske ekki alveg eins miklu máli.

Enn velti ég því fyrir mér: „Hvað verður um brauðið“?

Fundartímar Lionsklúbba á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Nafn klúbbs:	Fundardagar:	Fundartími:	Fundarstaður:
Ásbjörn	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Bessastaðahrepps	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Íþróttahúsið
Eik	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Garðaholti
Garðabæjar	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.30	Kirkjulundur, Garðabæ
Hafnarfjarðar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Kaldá	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Eir	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Fjölur	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Freyr	1. og 3. mánudagur	kl. 18.45	Hótel Saga
Reykjavíkur	1. og 3. fimmtudagur	kl. 18.30	Versalir, Hallveigarstíg
Ægir	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.30	Kringlukráin
Kópavogs	2. og 4. miðvikudagur	kl. 19.00	Lundur, Auðbrekku
Munninn	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Seltjarnarness	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Félagsh.Seltjn.
Viðarr	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Ýr	2. og 4. mánudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Þór	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Baldur	3. fimmtudagur	kl. 18.15	Kaffi Reykjavík
Engøy	2. og 4. mánudagur	kl. 19.30	Lionsheimilið
Njörður	1. miðvikudagur	kl. 18.00	Kaffi Reykjavík
Váli	2. og 4. þriðjudagur	kl. 20.00	Grensáskirkja
Fjörgyn	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Garfarvogskirkja
Föld	3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Mosfellsbæjar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Hlégarður
Týr	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.45	Versalir

Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma Lionsklúbba sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarstað og tíma fyrirvaralaust.

Efnisyfirlit:

Pistlar Lionsforustunnar
 Orkester Norden
 Friðarveggspjaldakeppni
 Konur í lífsglaðan hóp
 Námskeið

Fjöllumdæmisþing – Framboð
 Fjölgunaraðferðir

Pórunn Gestsdóttir, fjölumðæmisstjóri

Náttúruhamfarir

– hverfuleiki tilverunnar

Hverfuleiki tilverunnar er birtist okkur og snertir, sá er veldur breytingum frá ári til árs - mánuði til mánaðar og frá degi til dags er oft yfirþyrmandi og ógnvekjandi. Í kjölfar friðarstunda og helgi nýliðinna jóla, urðu náttúruhamfarir, jarðskjálftar og flóðbylgjur á ákveðnum jarðarluta.

Í kjölfar hamfaranna við Bengalflóa í Suður-Asíu sem eru þær mestu er núlifandi kynslóð hefur upplifað, létust þúsundir manna. Hamfarirnar hafa með ógnarkrafti beint huga allra heimsins borgara að vanmætti okkar andspænis náttúruöflunum.

Samhugur er öflugur með íbúunum á umræddu svæði, með þeim er misst hafa fjölskyldur sínar, vini og eignir. Samhugurinn birtist m.a. í öflugu hjálparstarfi, mannlegri aðstoð og fjárframlögum.

Lionsfélagar starfandi í 193 þjóðlöndum heims hafa lagt hönd á plóginn í Suður Asíu. Frá stjórn alþjóðahjálparsjóðsins LCIF hefur komið tilkynning um að fimm milljóna dollara styrkur, um þrjúhundruð og sextán milljónir ísl. króna, hafi verið afgreiddur af stjórn LCIF vegna Tsunami í Suður Asíu.

Stjórn verkefnasjóðs Lionsmanna og fjölumðæmisstjórn 109 hér á landi samþykktu einnar milljónar króna styrk og var sú upphæð send til stjórnar LCIF. Margir klúbbar hafa samþykkt framlag úr sínum sjóðum og skýrist síðar hvert heildarframlag Lions á Íslandi verður.

Lionsfélagar í mörgum löndum senda fjárframlag beint til ákveðinna verkefna á afmörkuðum svæðum og margir einstaklingar hafa sjálfir lagt hönd á plóginn með vinnuframlagi og hjálparstarfi á flóðasvæðinu. Samkvæmt okkar upplýsingum búa um sjötíu og þrjú þúsund Lionsfélagar á svæðinu við Bengalflóa.

Á nýafstöðnum NSR fundi Lionsmanna er haldinn var í Þórshöfn, Færeyjum flutti Sören Birch-Rasmussen (PCC DK) erindi. Hann er nýkominn frá Tælandi, en vegna atvinnu sinnar og starfa innan Lions þekkir hann umhverfi og staðhætti þar mjög vel.

„Ég get fullyrt hér að ástandið í Tælandi og víðast hvar á flóðasvæðinu er verra en fram hefur komið í sjónvarpsútsendingum“ sagði Sören Birch-Rasmussen í ræðu sinni á NSR fundinum (15/1/2005).

Hann ræddi um fyrstu viðbrögð hjálparstofnana og þar á meðal skjót



Pórunn Gestsdóttir.

viðbrögð Lions. Norrænu þjóðirnar hefðu allar brugðist mjög skjótt við með aðstoð, sagði hann en hann vék einnig að þeirri hörmulegu staðreynd að margir Norðurlandabúa létust.

Hann greindi frá vinnu Lionsfélaga er búa á svæðinu, en margir misstu ættingja og vini, misstu heimili sín og fyrirtæki og margir Lionsfélagar létust í kjölfar hamfaranna. Sören Birch-Rasmussen sagði að á flóðasvæðinu væri verk að vinna fyrir Lionsmenn heimsins.

„Við látum ekki staðar numið í Suðaustur Asíu. Við höfum verk að vinna, verkefni sem gefur okkur tækifæri til uppfylla þau markmið sem samþykkt voru af Lionsmönnum árið 1917 - að leggja lið.“

Við vitum að Lionsfélagar á Sri Lanka hafa unnið sextán stunda vinnudaga að undanfögnu, í einu umdæminu sendu þeir sextíu flutningabíla með matvörur til íbúanna, félagar í öðru umdæmi skipulögðu tjaldbúðir syðst á Sri Lanka að beiðni yfirvalda.

Félagar í þrjátíu Lionsklúbbum unnu á svæði í Indónesíu sem var mjög illa farið eftir flóðin og skálftana, svæði í nágrenni Medan. Hjálपालिð Lionsfélaganna útvegaði tjöld, fæði og klæði fyrir heimamenn

og flóttamenn er þyrptust að. Læknar úr hópi Lions önnuðust læknaaðstoð í Jakarta og Medan og aðrir úr Lionsliðinu unnu bráðabirgðaáætlun um kennsluplan fyrir munaðarlaus börn á svæðum í Indónesíu.

Lionsfélagar um víða veröld hafa í áratugi og sannarlega undanfarnar vikur unnið í anda okkar grundvallarmarkmiðs sem er að leggja lið.

Og við höldum ótraud áfram. Við þekkjum hverfuleika tilverunnar.

Tekið er á móti framlögum í söfnun Lionshreyfingarinnar inn á reikning Lions í Sparisjóði Vélstjóra 1175 26 7722 - Kennitala 640572-0869. Taka skal fram að greiðslan sé vegna „Tsunami Relief“ og hvaða klúbbar eða einstaklingur greiðir.

Hægt er að tryggja heimild til Melvin Jones viðurkenningar til 31. mars en til þess þarf framlagið að nema í það minnsta jafnvirði 1000 bandaríkjadala, sem á gengi alþjóðaskrifstofu eru í íslenskum krónum kr. 61.000.00 til 31. mars. Eftir þann tíma þarf að fá upplýsingar frá Lionsskrifstofunni um nýtt gengi.



Lionsfélagar að störfum í Indónesíu.

Geir Hauksson umdæmisstjóri 109A

Við leggjum lið

Gleðilegt ár, kærur Lionsfélagar. Okkur er öllum í fersku minni þær hörmungar sem dundu yfir í Bengalflóa í kjölfar náttúruhamfaranna þar.

Alþjóðahjálparsjóðurinn okkar brást strax við og sendi 200.000 dollara sem fyrstu neyðaraðstoð. Fjöluumdæmisstjórnin kom strax saman og samþykkt var að beina því til verkefnasjóðs hreyfingarinnar að úthluta einni milljón króna, sem færi í gegnum LCIF til þessa verkefnis. Jafnframt var skrifað bréf til formanna klubbanna þar sem leitað var eftir frekari framlögum og er mér kunnugt um að nokkrir klúbbar hafa þegar samþykkt framlög. Í fyrstu kom fram hjá LCIF að ekki væri hægt að eyrnamerkja þessi framlög til Melvin Jones viðurkenningar en nú hefur því verið breytt.

Nýustu fréttir eru þær að LCIF er að styrkja verkefnið með fimm milljón dollurum og framlög klúbba má



Geir með Ólu B. Magnúsdóttur formanni Lkl. Seyðisfjarðar.

eyrnamerkja MJF fram til 31. mars svo fremi að upphæðin nái einu Melvin Jones framlagi eða 1000 dollurum. Ég vil benda félögum að fylgjast með vefsíðunni okkar, þar sem

vefstjórnin okkar Örn Gunnarsson er alltaf með nýstu fréttir. Nú sem endranær bregst Lions skjótt við og leggur lið.

Nýlokið er NSR þingi sem að þessu sinni var haldið í Þórshöfn í Færeyjum. Ég hef ekki sótt NSR þing áður og hef því ekki samjöfnuð, en mér fannst frændur vorir, Færeyingar, standa glæsilega að þessu. Allt skipulag og aðbúnaður fyrsta flokks. Fyrri daginn voru námstefnur og fyrirlestrar og sat ég þar M.E.R.L. námstefnu auk hluta af unglingskiptanámstefnu sem gagnast mér vel. Seinni daginn var NSR þingið þar sem fjallað var um þau verkefni sem Norðurlöndin standa að og það sem framundan er. Nánari skil á þinginu verða gerð af okkar NSR fulltrúa Þór Steinarsyni.

Ég byrjaði janúarmánuðinn með heimsóknunum í nokkra klúbba eftir hlé í desember. Nú sem endranær hef ég fengið góðar móttökur og

þakka ég fyrir það. Gott starf virðist vera í gangi í klúbbunum og eru helstu áhyggjur þær að fá inn nýliða. Mér fannst mjög athyglisvert á síðasta fjöluumdæmisfundum, þegar unglingskiptastjóri Kristinn Hannesson upplýsti okkur um að samkvæmt úttekt hjá honum væri fjölgunin bara í góðu lagi en því miður væri brottfallið meira. Þetta stemmir alveg við þær tölur sem ég fæ sendar frá Oak Brook. Þetta bendir okkur á að eitt-hvað er að innra starfinu hjá okkur. Við þurfum að bæta þetta. Fundir þurfa að vera fræðandi og skemmtilegir, ekki of langir og fjáröflunarverkefni ekki of þung o.s.frv. og það þarf að hlúa vel að nýjum félögum.

Að lokum vil ég minna á að framboð til varaumdæmisstjóra þarf að berast fyrir 15. febrúar. Ég hef talað við nokkra aðila en ekki haft erindi sem erfiði. Endilega verið þið mér hjálpleg í þessu.

Stefán Skarphéðinsson, Lkl. Borgarness, umdæmisstjóri í 109 B

Setjum okkur markmið!

I.

Nú hækkar sól með hverjum nýjum degi og stársárið er hálfnað hjá okkur í Lions. Seinni hlutinn er oft annasamastur hjá fjöluumdæmisstjórnarfolki því þá bætast við verkefni vegna væntanlegs fjöluumdæmisþings og er í mörg horn að lita.



Stefán Skarphéðinsson.

Að baki eru áramótin og NSR þing, sem haldið var í Færeyjum að þessu sinni dagana 14.-15. janúar. Þingið var óvenju fjölsótt og ánægjulegt að sjá hve Færeyingum gekk vel að halda utan um alla hluti. Skipulagið gekk upp hjá þeim eins og smurt. Íslensku þátttakendurnir voru 11. Í þremur seminörum af sjö voru Íslendingar virkir þátttakendur, Kristinn Hannesson í unglingskiptum, Jón Bjarni Þorsteinsson var framsögumaður um síðfræði í Lions og Magnús B. Einarson framsögumaður um MedicAlert.

Næsta NSR þing á Íslandi verður 2007 og verður þingstaðurinn á Hótel Loftleiðum, en tilhneiging hefur verið til að halda þessi þing á ein-

hverjum afkima og er það að mörgu leyti mjög umdeilt. Þingið 2006 verður haldið í Kuusamo í Norður-Finnlandi.

Það var gaman að hitta Færeyinga og þ.m. var Bergur Jóhannsson frá Straumey. Hann var ánægður með vinalúbbssamband við Lkl. Njörð.

II.

Nú - seinni sprettur vetrarstarfsins er hafinn og mikilvægt að hann taki vel bæði hvað innra starf og eins hvað útbreiðslu varðar. Ég tel að nú sé kominn tími til að allir klúbbar í landinu leggi í vinnu fram á vorið og setji sér markmið fyrir næsta starfsár, t.d. félagafjölgun, námskeiðahald og nýjungar í innra starfi. Ég veit að margir klúbbar setja sér markmið, en þetta er öllum klúbbum nauðsynlegt ef árangur á að nást í starfinu, auk þess sem starfið verður ánægjulegra.

Félagafjölgun er nauðsynleg þar sem við erum á 2ja ára skilorði hjá alþjóðastjórninni. Fjölgunin er þó ekki eini áhersluþátturinn, heldur er mikilvægast að halda öllum núver-

andi klúbbum á lífi og helst að stofna nýja, allt þetta þarf að vera á stefnuskránni í einu. Einn klúbbur var stofnaður í B umdæminu í fyrra og von er á nýjum klúbbum í A umdæmi í ár, svo framtíðin er nokkuð björt.

Námskeiðahald á að vera fastákvæðið markmið hjá sérhverjum klúbbum, minnst eitt til tvö námskeið á vetri. Þar tel ég að kennsla í fundarstjórn sé mjög mikilvæg. Það er öruggt að þeir klúbbar sem taka á fræðslumálum og nýta sér úrvalið sem fræðslustjórnin hefur upp á að bjóða verða ekki fyrir vonbrigðum með aukið líf í klúbbnum. Þá er aldrei of oft minnst á leiðtogaskóla Lions. Við skulum gera veg hans enn meiri næsta haust. Skólinn hefur þegar sannað sig á marga vegu og sést það m.a. á því að alþjóðastjórnin hefur styrkt hann. Mikilvægt er að nýliðar séu styrktir til þátttöku í skólanum og ekki óeðlilegt að þeir taki þátt í stjórn í framhaldi af skólanum, jafnvel formennsku í klúbbum. Á þetta er minnst því þekking er undirstaða allra framfara.

Nýjungar í innra starfi. Þetta hljómar ef til vill mjög einfalt, en í framkvæmd er mjög mikilvægt að

allar nýjungar séu vel undirbúnar og kynntar. Uppbrot á fundahaldi t.d. að hafa einn venjubundinn fund í mánuði og annan sem væri bundinn ferðum og kynningum jafnvel til fyrirtækja í nánasta nágrenni. Margt væri hægt að nefna, en best er þó að stjórnir kynni sér þessa hluti hjá klúbbum sem hafa reynt þetta með góðum árangri.

Mig langar að lokum að minnst sérstaklega á MedicAlert, sem Magnús B. Einarson, félagi okkar kynnti á NSR þinginu eins og fram hefur komið hér að framan.

III.

Við eigum að taka okkur tak og kynna málið á fundum allra klúbba á næsta vetri. Ég er þess fullviss að Magnús er reiðubúinn að leggja sitt af mörkum við þessa kynningu. Mál-efnið er mjög merkilegt og hefur gagnsemi þess marganna sig. Það má segja að þetta sé virk líftrygging.

Við sem höfum notið þess að starfa í Lions ættum nú sem aldrei fyrr að greiða götu nýs hæfileikafólks til að ganga til liðs við hreyfinguna. Lítum í kringum okkur og við munum finna nýja gullmola víða ef að er gáð.

Alþjóðaforseti Lions, Clement F. Kusiak

Viðbrögð Lions við Tsunami hamförunum

Hamfarirnar dundu yfir fyrirvaralaust. Fyrst öflugur jarðskjálfti undan ströndum Súmötru að morgni annars jóladags og í kjölfarið risastórar öldur sem eyddu stórum hluta Súmötru og gerðu út af við byggð ból í Malasíu, Myanmar, Thailandi, Bangladesh, Sri Lanka, Indlandi, Maldives og jafnvel Sómalíu í þúsunda mílna fjarlægð í Austur Afríku. Kraftur flóðsins var slíkur að engum vörnum varð við komið og skullu öldurnar á land 10 til 20 metra háar og hrifu með sér allt sem á vegi þeirra varð.

Heilu þorpin þurrkuðust út við þessar hamfarir og þegar ég set þessar línur á blað er fjöldi þeirra sem



Clement F. Kusiak

saknað er kominn yfir 150.000, nærri 100.000 í Indonesíu einni. Því miður er gert ráð fyrir að þessi tala hækki að mun og að sjúkdómar fylgi í kjölfarið.

Tugir þúsunda á svæðunum stóðu uppi án vatns, fatnaðar og húsnæðis. Tíminn skiptir í þessu efni höfuð máli því ekki var hægt að gera ráð fyrir að folkið kæmist af án aðstoðar og án þess að fljótt yrði brugðist við. Hjálpargögn tóku strax að berast hvaðanæva að úr heiminum.

Eins og nærri má geta hefur Alþjóðasamband Lionsklúbba verið meðal hjálparstofnana sem komið hafa að hjálparstörfum. LCIF ásamt Lionsfélögum, klúbbum og umdæmum hafa lagt sitt af mörkum til stuð-

ings hjálparstarfinu. Auk þess er áætlað að um það bil 75.000 Lionsfélagar á flóðasvæðunum hafi þegar mætt til starfa til aðstoðar eftir bestu getu og til að samræma aðgerðir með stjórnvöldum. Verkefnið var skelfilegt fyrir þá sem að því unnu þar sem þúsundir látinna komu í ljós dag hvern.

Í Sri Lanka hafa Lionsklúbbar verið í samstarfi við yfirvöld um uppsetningu á skýlum með vatns- og salernisaðstöðu. Á Indlandi hafa Lionsklúbbar í héruðum sem harðast urðu úti deilt verkefnum og samræmt ráðstöfun styrkja að upphæð 50.000 dala sem LCIF lét af mörkum til að mæta brýnni þörf á strandlengjunni frá Tamil Nadu til Orissa.

Til þessa hefur LCIF innt af hendi samtals 200.000 dölum til svæða í Indlandi, Indonesíu, Sri Lanka og Thailandi til að Lionsfélagar geti látið

í té mat, teppi, vatn og önnur hjálpargögn. Fleiri beiðnir eru til umfjöllunar. Framlag sem nemur 250.000 dölum hefur einnig verið samþykkt til kaupa á nauðsynjum. Til að samræma aðgerðir svo sem best verði á kosið hefur LCIF stofnað sjóð sem nefnist South Asia Tsunami Disaster 2004 Fund fyrir Lionsfélaga sem óska að styðja við verkefnið. Fjármagn er þegar farið að berast. Meðal þess eru 120.000 dalir frá Lionsfélögum í Svíþjóð og 200.000 dalir frá Lionsfélögum í Kóreu.

LCIF mun halda áfram að veita styrki til hamfarasvæðanna á grundvelli þarfamats. Lionsfélagar um heim allan samhryggjast þeim mörgu sem misst hafa ástvini og heita því að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða þá sem um sárt eiga að binda.

Alþjóðaforseti Lions, Clement F. Kusiak

Deilið árangrinum með almannatengslum

Hvað vita íbúarnir á ykkar svæði mikið um störf ykkar í þágu samfélagsins? Hefur þeim verið sagt frá því hvað þið ætlist fyrir í framtíðinni? Gera þeir sér grein fyrir því hvað Lionsmerkið stendur fyrir? Deilið þið árangrinum af starfi klúbbsins með vinum og nágrönnum? Svörin við þessum spurningum eru oftast en ekki neikvæð og gefa því ekki rétta mynd af klúbbum. Til að viðhalda heilbrigðu klúbbsstarfi er nauðsynlegt fyrir klúbbin að deila árangrinum með almannatengsaáætlun og stöðugu upplýsingastreymi til almennings um hvaða leiðir þið farið til að styrkja samfélagið og meta þarfir þess.

Heimasíður bjóða upp á ágætar leiðir til að deila þessum upplýsingum. Ef klúbburinn þinn er ekki með heimasíðu þá er aðstoð veitt, án endurgjalds, á heimasíðu hreyfingarinnar www.lionnet.com. Hér má, samt ekki láta staðar numið því almannatengsl þurfa einnig að ná til annarra svæða til að sem flestir fái upplýsingar um hugmyndafræði Lions „að leggja lið“.

Ég ráðlegg öllum Lionsklúbbum að efla tengsl við fréttastofur fjölmiðla og að forráðamenn klúbba stofni til

persónulegra tengsla við forstöðumenn slíkra stofnana. Það er gott að geta slegið á þráðinn þegar klúbburinn er með fréttnæmt verkefni í farvatninu. Þjóðið fréttamönnum að vera viðstaddir fjáröflunarverkefni. Skipið sérstaka fjölmiðlafulltrúa til að tryggja að upplýsingar komist á framfæri og að öllum spurningum fjölmiðla sé svarað.

Því miður er það svo að klúbbar eru stundum hikandi við að segja frá árangri sínum. Verið óhræddir að segja almenningi frá árangri ykkar og hvernig klúbburinn hefur bætt áhrif á samfélagið. Montið ykkur svolítið. Það borgar sig. Því fleiri sem vita hvað þið eruð að gera, þeim mun meiri líkur eru á því að þeir styðji við bakið á ykkur.

Til að ná eyrum almennings hefur umdæmisstjórum verið send ferðasýning um almannatengsl auk þess sem ný síða, Lions in Action, hefur verið sett á heimasíðu alþjóðasamtakanna sem hefur það hlutverk að aðstoða Lionsklúbba við að deila árangri sínum. Þar eru tekin fyrir þrjú eða fjögur verkefni klúbba á mánuði sem vakið hafa athygli og eru klúbbar hvattir til að láta vita af eftirtektarverðum verkefnum og senda með mynd thelionmagazine@lionsclubs.org.

Skráningarsími fjöllumdæmispings er: 694 8086



Grindavík, Vesturbraut 8.

Hvort sem það eru gömul eða ný hús, þá kunnum við lagið á því.

Við framleiðum svalahús, sólstofur glugga og hurðir sem þola íslenska veðráttu

GLUGGAR OG GARÐHÚS ehf.

Smiðsbúð 10 • Garðabæ

Sími: 554 4300

Áttugasta og áttunda alþjóðafing Lions

Næsta alþjóðafing Lionshreyfingarinnar verður haldið í Hong Kong sem hefur hlotið nafnbótina „Höfuðstaður matargerðarlistar Asíu“ og ber hana með miklu stolti.

Þarna geta gestir gælt við bragðlaukana með réttum frá Kína, að sjálfsgöðu, Indlandi, Filipseyjum, Tailandi, Indonesíu, Mongólíu, Malasíu, Nepal, Koreu Japan, Singapúr og Vietnam auk vestrænna rétta svo nokkuð sé nefnt milli þess sem þeir sinna þingstörfum, námstefnum og öðrum uppákomum þings.

Hong Kong hefur fengið orð fyrir að vera sannkölluð innkaupaparadís með loftkældum verslunarmið-

stöðvum, flóðlýstum strætum og mörkuðum þar sem gert er ráð fyrir þrútti. Þarna er einnig hægt að láta spá fyrir sér. Þar sem margir Lionsfélagar þurfa án efa að passa upp á yfirvigt farangurs, þá taka margar verslanir að sér að pakka því sem keypt er, tryggja og senda heim til kaupenda. Þetta er skattaparadís - engir skattar. Síðast, en ekki síst, þarna er einnig fjöldi áhugaverðra safna fyrir þá sem meiri áhuga hafa á þess háttar menningu en kaupgleði.

Hong Kong var bresk nýlenda til ársins 1997 þegar samningurinn um það við Kína rann sitt skeið eftir 99 ár og Kína fékk yfirráð yfir nýlendunni aftur. Íbúar Hong Kong eru um það bil 6.8 milljónir.

Það er alla leið þangað sem umdæmisstjórnarnir okkar starfsárið 2005-2006 þurfa að fara í fylgd fjölumdæmisstjóra ásamt mökum. Og þarna sitja umdæmisstjórnarnir skóla frá 24. til 27. júní þegar alþjóðafingindi hefst. Þau verða svo öll önnur kafin allt til loka þings 1. júlí



Nokkuð er ljóst að þar munu verða á ferð verðandi umdæmisstjóri 109A, Guðmundur Rafn Valtýsson, Lkl. Laugardals og Ásdís B. Einarsdóttir kona hans og umdæmisstjóri 109B, Valdimar Þorvaldsson, Lkl. Akraness og hans kona, Oddný Erla Valgeirs-

dóttir en það munu ekki liggja fyrir fyrir en á þinginu í vor nöfn fjölumdæmisstjóra og maka sem með munu verða í för.

Viðamiklar upplýsingar um Hong Kong er að finna á heimasíðu Lionshreyfingarinnar, www.lionsclubs.org.



Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn, vefulltrúi umdæmis 109B.

Internet og þorskanet Hver er munurinn?

Hvað er þetta Internet, er það einhvers konar þorskanet? Já, það er líklega rétt og litill munur á þessum veiðarfærum, Interneti og þorskaneti. Í hvoru tveggja getur maður veitt þorska, annað þorska í sjó og hitt þorska á þurru landi. Það er ekkert skrytið að margir þekkja ekki þetta veiðarfæri, Internet, nema af afspurn og fréttum. Til þess að komast í tæri við Internetið þarf maður tölvu, tæki sem ekki allir eru með. Hjá yngri kynslóðinni er Internetið eins sjálfsagt og sjónvarp og sími en hjá eldri kynslóðinni er þetta aðeins flóknara enda færri af þeirri kynslóð með aðgang að þeim búnaði sem þarf eða kunnáttu til að nota hann.

Veiðarnar

Það má segja að hægt sé að veiða



Einar Þórðarson.

fólk í Internetið eins og þorska í þorskanet. Morgunblaðið gerir þetta, því vefsíða blaðisins er sú vinsælasta á Íslandi og þannig hefur Mogginn veitt nær alla landsmenn í sitt Internet. Internetið er notað til samskipta um allan heim og hægt að nota eins og síma, sjónvarp og til póstsendinga.

Internetið er öflugasta upplýsingaveitan sem völ er á í dag. Það er líka stærsta bókasafn í heimi og þar er hægt að finna upplýsingar um allt sem manni dettur í hug. Internetið byggir á tækni sem nefnd hefur verið margmiðlun, en hún miðlar texta, kyrrmyndum, hreyfimyndum og hljóði - og þetta eigum við að nýta okkur.

Vefsíður klúbba

Við í Lionshreyfingunni og Lionsklúbbum um land allt eigum að setja okkur það markmið að hafa okkar Internet eða vefsíður það vinsælar

að fólk lesi þær reglulega, ekki aðeins Lionsfélagar, heldur líka almenningur, og þannig fá fleiri í okkar Internet.

Margir klúbbar hafa komið sér upp vefsíðu og er það mjög gott framtak. Að vísu eru þær mjög ólíkar að gerð og útliti. Misjafnlega er hugsað um þær, sumar eru uppfærðar reglulega en aðrar eru orðnar gamlar og jafnvel úreltar. Á vefsíðu Lionshreyfingarinnar er hægt að kalla á 21 vefsíðu klúbba sem er um 27% af öllum Lionsklúbbum á landinu. Við eigum að gera betur og stefna að því að allir Lionsklúbbar komi sér upp vefsíðu. Það vinnst margt með því; við komum okkur inn í nútíðina og gerum aðgengi að upplýsingum um hreyfinguna og klúbba aðgengilegra. Hægt er að skoða dagskrá klúbba, félagatal, dreifa fundargerðum og gögnum á milli manna.

Netagerðarmenn og vefarar

Við þekkjum máltækið böggull

fylgir skammrifi. Eins er með vefsíðugerðina. Það er ekki nóg að búa til vefsíðu, það þarf að uppfæra hana reglulega. Internetinu fylgja netagerðarmenn eða eins og við segjum í dag; hverri vefsíðu fylgir vefari. Eru til félagar sem vilja taka þetta verkefni að sér í hverjum klúbbi eða á að kaupa verkið út? Ég tel æskilegt að Lionshreyfingin og Lionsklúbbar sameinist um þessi mál, um rekstur vefseturs og vefumsjónarkerfis, um útlit og notkun á Vefnum. Stöðlun og sameiginlegt vefumhverfi auðveldar allan rekstur og það tekur nýjan félagastyttri tíma að taka við og sjá um vef klúbbsins ef umhverfið er staðlað og verkfærin þekkt. Auðveldara er að leita aðstoðar og vinna saman. Einnig eru fjármögnunarmöguleikar sterkari ef við stöndum saman. Út á við væri Lionshreyfingin sem ein heild og því sterkari samtök. Því vil ég hvetja alla klúbba til að skoða þessi mál, hver í sínum ranni og setja sér það markmið að koma sér upp virkri vefsíðu næsta haust. Gamnan væri að heyra skoðanir ykkar á þessu máli.

Það eru margar lausnir í boði, dýrar og ódýrar en aðalatriðið er að við séum samstíga og við vinnum sem ein heild. Vinnum saman að öfluglu Lionsneti í umdæmi 109.

Laufey Jóhannsdóttir, Lkl. Eik, útbreiðslustjóri kvenna

Konur í lífsglaðan hóp

Hvernig getum við haft áhrif á konur að koma með okkur í þennan lífsglaða hóp sem vinnur svo mörg verk í þágu líknar, mannúðar og menningar?

Í Lions starfa konur og karlar hlið við hlið óháð aldri, menntun, starfi eða hverju því sem svo greinir okkur í ólíka einstaklinga. Alveg á sama hátt greinast klúbbar í ólíkar gerðir, kvennaklúbba, karlaklúbba og blandaða klúbba. Verkefni eru fjölbreytileg, sumir styrkja gróðurvernd, aðrir styðja þroskahefta enn aðrir styrkja sjúka allt eftir því hvað hver klúbbur hefur valið að einbeita sér að.

Eitt eigum við öll sameiginlegt, við erum í Lions stærstu þjónustu samtökum í heimi.



Laufey Jóhannsdóttir.

Við sem höfum lagt hreyfingunni lið erum stolt af þátttöku okkar, stolt af verkum Lionshreyfingarinnar um allan heim, sameiginlegum verkum Lions á Íslandi svo sem í þágu blindra, gigtarrannsóknna, krabbameinslækningatæki og margt fleira. Við erum stolt af verkum klúbbsins okkar hvar sem við erum á landinu. Hvernig getum við haft áhrif á konur að koma með okkur í þennan lífsglaða hóp sem vinnur svo mörg verk í þágu líknar, mannúðar og menningar?

Ef ég ætti eitt svar við þessu væri þessi grein ekki til. En verk okkar er að koma þessum skilaboðum áleiðis. Starf í Lions er gefandi, þroskandi en ekki síst gefur það tækifæri til þess að öðlast félagslegan þroska. Tæki-

færi til þess að bæta við þekkingu hvort heldur sem er á samfélagslegum málum sem snúa beint að verkefnum í heimabyggð á hverjum tíma eða verkefni á alþjóðlegum vettvangi svo sem nú er vegna flóðanna í Asíu á síðustu jólum.

Fleiri konur.

Í Lions eru ómetanleg tækifæri til þess að láta gott af sér leiða. Undir merkjum Lions er gott og gaman að starfa. Hver einstakur klúbbur hefur ómetanleg tækifæri til þess að laða fleiri að metnaðarfullu starfi í Lions. Ég hvet alla til þess að skilgreina vel hvað hefur þinn klúbbur að bjóða nýju fólki í Lionshreyfingunni. Ég er þess fullviss að það er ótrúlega margt sem þinn klúbbur getur boðið nýjum félögum upp á í leik og í starfi í þágu Lions.

Í Lions störfum við saman konur

og karlar, framtíðin er í höndum félaga.

Fjölgun kvenna í Lions mun efla og styrkja Lionshreyfinguna í framtíðinni.

Ég hvet Lionsfélaga til þess að efla kynningu á Lions, halda kynningarfund eða bjóða gestum á almennan Lionsfund og koma á markvissu kynningarstarfi á hverjum einstökum Lionsklúbba heima í héraði. Vinna verkefnið maður á mann og efla þannig kynninguna á Lions. Bjóðum vinnufélaga, vinkonu, frænku, dóttur, tengdadóttur, systur eða hverri þeirri konu sem við viljum laða að Lions á fund.

Hikum ekki við að kynna allt það sem Lions hefur upp á að bjóða. Þeim mun fleiri sem við bjóðum með, þeim mun fleiri fáum við með og fáum þannig fleiri konur í Lions.

Hörður Sigurjónsson, Lkl. Nirði

FRÍÐARVEGGSPJALDA-KEPPNI LIONS



Myndin er frá afhendingu viðurkenningar fyrir þátttöku í Friðarveggspjaldakeppni Lions 2004. Viðurkenningu hlaut að þessu sinni Dagný Björk Stefánsdóttir Vallaskóla Selfossi og er hún hér ásamt Herði Sigurjónssyni, fjölum-dæmissjóra 2003-2004 og Einari Þórðarsyni, umdæmisstjóra B umdæmis 2003-2004. Verðlaunamynd Dagnýjar var gefin út á jólakorti á vegum hreyfingarinnar fyrir síðustu jól.



Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri

Vinsældir námskeiða

Hér á eftir sjáið þið hvaða möguleika þið eigið á að sækja námskeið eða til að fá fræðslu í klubbinn ykkar á vorönn. Það verður að segjast eins og er að námskeiðin, sem hafa verið haldin í Lionsheimilinu í vetur, hafa því miður ekki verið nægilega vel sótt. Hins vegar hafa vinsældir námskeiðahalds fyrir einstaka klúbba og svæði verið alltaf að aukast. Ýmsir klúbbar og svæði hafa fengið til sín fræðslu í vetur og hafa „Félaganefndarnámskeið“ og námskeiðið um „Áhrifaríka liðsheild“ verið vinsælust. Vel á annað hundrað Lionsfélagar hafa þannig sótt sér fræðslu um ýmis Lionsmálefni í vetur.

Það er mjög gaman að koma til ykkar með námskeið og félagarnir eru yfirleitt mjög ánægðir með framtak formanna sinna eða svæðisstjóra. Ef þú vilt panta námskeið, fá meiri upplýsingar eða koma hugmyndum á framfæri, vinsamlegast hafðu samband við undirritaða, *Hrund Hjaltadóttur Lkl. Fold, sími 5667686, GSM. 6635675, netpóstur hrundh@itn.is og hrund1@seljaskoli.is*

Fræðsla fyrir þig og/eða þinn klúbb janúar – maí 2005

Lionshreyfingin stendur fyrir miklu fræðslustarfi.

Félögum stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða, sem miða að því að efla félagana, styrkja klubbstarfið og þjálfa leiðtoga.

Klúbbformenn - Svæðisstjórar

Lionsklúbbar og svæði geta pantað námskeið á tíma og stað sem best hentar hverju sinni.

Svæðisstjórar fá oft til sín námskeið á svæðisfundum. Margir klúbbar fá til sín kynningu á Lionsfund. Sumir klúbbar eða svæði fá skipulagðan heilan námskeiðsdag fyrir sig og það eru án efa skemmtilegustu og gagnlegustu námskeiðin. Við stingum upp á heilum laugardegi eða sunnudegi. Mikilvægt er að kynna námskeiðin vel, til að tryggja þátttöku. Munið að á námskeiðin sem haldin eru í Lionshúsinu þarf að skrá þátttöku með minnst dags fyrirvara. ATH: Ef enginn hefur skráð sig daginn sem námskeiðið á að fara fram fellur það niður.

Hvaða námskeið eru í boði á næstunni?

Ennþá MEIRI Leiðtogi

- sjálfstætt framhald af Leiðtogaskóla Lions.

Laugardagurinn 12. febr. 2005
Skráningar til 8. febr. 2005, með tölvupósti: lions@lions.is eða hrundh@itn.is

Verð: 3.500 kr. Innifalið eru námsgögn, hádegismatur, morgun- og sídegiskaffi.

Staður: Lionsheimilið Sóltún 20, Reykjavík.

Námskeið fyrir alla Lionsfélaga og sérstaklega þá sem hafa sótt Leiðtogaskólann eða hafa sambærilegan grunn.

Fjallað um aðferðir til að stýra klubbstarfinu faglega. Ekki er farið í grunnatriði og skilgreiningar, eins og í Leiðtogaskólanum, gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi þá þekkingu á hreinu.

Kennslan er uppbyggð sem stuttir fyrirlestrar og verkefni, með virkri þátttöku nemenda.

Efnisval og efnistöð á framhaldsnámskeiðinu, taka mið af „Leiðtogaskólum Lions erlendis fyrir reynda félaga“ (Senior Lions Leadership Institute).

Efnisval og efnistöð á fjögurra daga Leiðtogaskóla okkar á Íslandi tekur mið af „Leiðtogaskólum Lions erlendis fyrir nýja félaga“ (Emerging Lions Leadership Institute).

Nýliðanámskeið

„Hvað er Lions?“ fyrir nýja eða væntanlega félaga, ásamt meðmælanda, félaganefnd eða stjórn og alla þá sem vilja vera „með á nóttunum“.

Tími: Fimmtudaginn 3, mars 2005 kl 20:00-22:00

Staður: Lionsheimilið Sóltúni 20, Rvk.

Kennari: Kristinn Hannesson Lkl. Mosfellsbæjar.

Félaganefndanámskeið

Námskeiðið er ætlað fyrir félaganefndir, stjórnir og varastjórnir. Vegna þeirra auknu áherslu sem alþjóðastjórn leggur á félagamálin verða námskeið haldin á mögum stöðum og ýmsum tímum í vetur eftir þörfum. Þau fjalla ekki bara um að ná í nýja félaga eða stofna nýja klúbba, heldur fyrst og fremst um leiðir til að halda í félagana, koma í veg fyrir að við missum þá svo fljótt úr klubbunum.

Námskeiðin eru í formi fyrirlestra, umræða og verkefna.

Kennari: Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold og Margrét Jónsdóttir Lkl. Fold

Fundarsköp

Námskeiðið er ætlað fyrir alla Lionsfélaga. Upplagt fyrir svæðisfundum og klubbfundum

Kennari: Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni.

Ræðunámskeið

Þetta námskeið er upplagt fyrir klúbba eða svæði að halda fyrir ca. 12-14 félaga í einu. Námskeiðið er



Hrund Hjaltadóttir.

sett upp sem tveggja kvöld námskeið með nokkurra daga millibili til að sem mest komi út úr námskeiðinu. Kostnaður við þetta námskeið er eitt þúsund kr. pr. félag sem tekur þátt (kennslugögn). Klúbbformenn vinsamlega hafið samband ef þið hafið áhuga.

Kennarar: Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn, Helgi Sigurbjartsson Lkl. Fjörgyn og Þorsteinn Sigurfinnsson Lkl. Fjörgyn.

Leiðtogaþjálfun

Vaxandi áhugi er á leiðtogaþjálfun og er mikið úrval námskeiða á því sviði. Hægt að velja nokkur og setja saman skemmtilega dagskrá. Hver liður tekur 1-2 klst. eftir því hvort verkefni eru tekin með.

- Stjórnunaraðferðir - Leiðtoga-stílar.
- Stekur leiðtogi - Virkni og frumkvæði.
- Að setja saman teymi - Öflugt hópstarf.
- Árangursrík liðsheild: Virkja og hvetja.
- Samskipti og virk hlustun.
- Stefnumótun - Markmiðasetning.
- Ákvarðanatáka - Að deila út verkefnum.
- Fundarstjórn - Fundarsköp.
- Skipulögð nefndarstörf.
- Verkefnastjórnun.
- Úrlausn vandamála - Að stjórna deilum.
- Áhrifaríkur málflutningur - Ræðumenska

DAGSKRÁ

Tími	Efni
09:30-10:00	Mæting - Skráning - Kaffi og te
10:00-12:40	Mismunandi hlutverk leiðtoga. Sköpunarkraftur: Nýbreytni / Fjölbreytni Teymi: Skipulögð nefndarstörf
12:40-13:10	Hádegisverður
13:10-16:55	Hvernig skilgreinum við hlutverk Lionsklúbba Markmiðasetning - SMART
16:55-17:00	Mat - Skírteini - Slit

Skráningarnetfang
fjölumdæmisþings: www.lions.is

LIONSPINGIÐ 2005

Fimmtugasta Lionsþing fjölumðæmis 109 verður haldið í Reykjavík dagana 22. og 23. apríl næstkomandi. Að þessu sinni er þingið í umsjá fjölumðæmisráðs. Þinghaldið, embættismannaskólarnir og námstefnurnar verða á Grand Hótelu í Sigtúni og í Lionsheimilinu í Sóltúni en Reykjavíkurborg hefur séð til þess að tengja þingstaðina með göngubrú yfir Kringlumýrarbrautina. Afhending þinggagna verður í Lionsheimilinu fimmtudaginn 21. apríl og föstudaginn 22. apríl. Skólar embættismanna verða fyrir hádegi á föstudag og umdæmisþingin eftir hádegi sama dag.



Hörður
Sigurjónsson.

Fjölumðæmisþingið og Lionshátíð verður svo laugardaginn 23. apríl.

Kynningarkvöldið

Kynningarkvöldið verður hins vegar í gömlu góðu miðborginni föstudaginn 22. apríl á Kaffi Reykjavík. Þar gefst Lionsfélögum tækifæri á að eiga saman skemmtilega kvöldstund. Kynningarkvöld er opið fyrir alla Lionsfélaga og því um að gera að fjölmenna.

Makadagskrá

Meðan á fjölumðæmisþinginu stendur verður mökum þingfulltrúa boðið upp á sérstaka dagskrá. Verið er að skipuleggja dagskrána en stefnt er að ævintýralegru ferð út í bláinn.

Lionshátíðin 23. apríl

Þinginu lýkur síðan með veglegri Lionshátíð sem haldin verður á Grand Hótelu, laugardaginn 23. apríl. Nú er um að gera fyrir Lionsfélaga að taka þetta kvöld frá og fjölmenna á hátíðina.

Skráning

Þessa dagana er verið að senda formönnum allra klúbba skráningar-eyðublöð, kjörbréf, gíróseðla og ýmsar upplýsingar um þingið. Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold mun halda utan um þennan þátt. Þá verður hægt að ná í eyðublöðin á heimasíðu fjölumðæmis www.lions.is. Einnig mun félögum gefast kostur á að skrá sig beint á heimasíðunni.

Upplýsingar um verð

Þinggjald	Kr. 5.900,-
Hádegisverður	Kr. 1.400,-
Morgunkaffi	Kr. 300,-
Síðdegiskaffi	Kr. 600,-
Lionshátíð	Kr. 5.500,-

Gisting

Þinggestir þurfa að panta herbergi sjálfir og taka fram að það sé vegna Lionsþings. Búið er að tryggja herbergi á Grand Hótelu og Cabin Hótelu sem er steinsnar frá þingstaðnum. Fyrstur kemur, fyrstu fær!

Grand Hótel Reykjavík Sigtúni 38

Sími: 514 8000

Tveggja manna herbergi með baði	Kr. 10.000,-
Eins manns herbergi með baði	Kr. 8.400,-
Morgunverður innifalinn.	

Hótel Cabin Borgartúni 32

Sími: 511 6030

Tveggja manna herbergi með baði	Kr. 5.400,-
Eins manns herbergi með baði	Kr. 4.700,-
Morgunverður innifalinn.	

Þingnefndina skipa:

Hörður Sigurjónsson, formaður Lkl. Nirði	660 6164
Halldór Kristjánsson Lkl. Ásbirni	893 0090
Helga Lára Guðmundsdóttir Lkl. Eir	860 0407
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar	697 5447
Margrét Jónsdóttir Lkl. Fold	694 8086
Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn	860 3516
Örn Gunnarsson Lkl. Ásbirni	691 0695



Hverjir verða í framboði á þinginu í vor

Hér að ofan er fjallað um Landsþing Lionshreyfingarinnar sem nú er skammt undan. Í ljósi þess er hér fyrir neðan fjallað nokkuð um embættaskipan fjölumðæmisráðs sem vonandi verður til að vekja áhuga á þáttöku í stjórnun hreyfingarinnar.

Fjölumðæmisstjóri

Blaðið hefur hlerað að framboð til embættis fjölumðæmisstjóra á næsta fjölumðæmisþingi gætu orðið venju fremur fjölbreytt. Venjan hefur verið sú að annar hvor umdæmisstjóranna bjóði sig fram og stundum báðir. Þess vegna getur vel verið að Geir Hauksson, umdæmisstjóri í 109 A og Stefáns Skarphéðinssonar, umdæmisstjóri

í 109 B hyggi á framboð auk þess sem flogið hefur fyrir að Einar Þórðarson, sem var umdæmisstjóri 109 B í fyrra og bauð sig fram þá en dró framboð sitt til baka, hugsi sér til hreyfings nú. Þá hefur kvisast út að fleiri kunni að vera að hugsa sig um.

Ritari og gjaldkeri

Á þinginu verður einnig kosinn fjölumðæmisritari og fjölumðæmisgjaldkeri til eins árs en lítið vitað hverjir bjóða sig fram. Þó er vitað að Árni Stefán Guðnason, fjölumðæmisgjaldkeri og Örn Gunnarsson hafa báðir haft þessi embætti með höndum í tvö ár svo allt getur gerst.

Umdæmisstjórar

Kjörgengur til embættis umdæmis-

stjóra er varaumdæmisstjóri og virðist því nokkuð ljóst að Guðmundur Rafnar Valtýsson í Lkl. Laugardals verði umdæmisstjóri 109 A og Valdimar Þorvaldsson Lkl. Akraness í 109 B næsta starfsár.

Vara-umdæmisstjórar

Ekkert er hins vegar enn farið að kvisast út um tilnefningu klúbba til embætta vara-umdæmisstjóra en þær línur ættu væntanlega að skýrast fljótlega því uppástungum klubbanna skal skila til kjörnefndar fyrir 15. febrúar.

Unglingaskiptastjórinn

Að öðru leyti virðist sem kosningar til embætta verði með færra móti á þinginu. Þó verður kosinn ung-

lingaskiptastjóri til þriggja ára þar sem Kristinn Hannesson gefur ekki kost á sér áfram og mun Kristjana Guðlaugsdóttir, Lkl. Æsu hafa gefið kost á sér í það embætti.

Aðrir kjörnir í fjölumðæmisráð eru:

Hrund Hjaltadóttir, Lkl. Fold, fræðslustjóri og Pálmi Hannesson, Lkl. Garði, útbreiðslustjóri kosin 2003 til 2006 og Margrét Jónsdóttir, Lkl. Fold, félaganefndarstjóri, Einar Þórðarson, Lkl. Fjörgyn, félagastjóri, Jón Bjarni Þorsteinsson, Lkl. Mosfellsbæjar, alþjóðasamskiptastjóri og Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni, kynningarstjóri, öll kosin 2004 til 2006.

Útbreiðslumál

Í útbreiðslumálum er það helst að fréttu að í samvinnu við kynningarstjóra Lions, Halldór Kristjánsson, er verið að fara af stað með kynningu á Lionshreyfingunni á Austfjörðum. Helst er verið að stefna á Reyðarfjörð og Neskaupstað. Er það von okkar að takist að stofna nýja klúbba á þessum stöðum og er ætlunin að útbúa kynningarbréf sem dreift verði í öll hús í þessum bæjarfélögum og að í framhaldinu verði farið á staðina og haldnir fundir til meiri kynningar á hreyfingunni.

Hugmyndir voru í gangi með að stofna klúbba á Keflavíkurflugvelli en ég tel að miðað við stöðuna þar í dag sé ekki lengur möguleiki á stofnun klúbba þar. Fólki á vellinum hefur farið fækkandi og er ekkert útlit fyrir neinar breytingar þar á næstunni.

Því miður hefur þróun Lionsmála hér á landi verið í átt til fækkunar á félögum og því er þetta þróun sem við verðum að sameinast um að snúa við. Það er oft spurt hvað sé til ráða til að fá nýja félaga til starfa. Það er ekki til nein einföld lausn á því en alltaf gefst best þessi svokallaða maður á mann aðferð. Vil ég hvetja alla Lionsfélaga að líta vel í kringum



Pálmi Hannesson.

sig. Gæti ekki verið að einhver vinur okkar, frændi, frænka eða vinnufélagi hefði áhuga á að vera með í klúbbum okkar? Látum nú hendur standa fram úr ermum og snúum þessari þróun við. Hvernig væri ef hver klúbbur héldi kynningarfund þar sem hver félagi kæmi með einn gest með sér. Það gæti t.d. skilað einum nýjum félaga í hvern klúbb sem þýðir fjölgun um 85 félaga (starfandi klúbbar á landinu í dag eru 85).

En það er eitt sem við megum ekki gleyma, það er að halda vel utan um þá félaga sem við erum með í klúbbum okkar í dag, þeim þarf að líða vel því það er ekki nóg að fá fullt af nýjum félögum ef við erum að missa þá sem hafa verið með okkur í burtu.

Einn stuttur í lokin:

Tveir menn eru að ræða hjónabandið. Þrátt fyrir að vera ágætlega giftir þá viðurkenndu þeir að það kæmu nú öðru hvoru upp rífrildi. „Ég er samt búinn að fatta hvernig ég get alltaf átt síðasta orðið,“ segir annar þeirra stoltur. „Í alvöru!“ segir hinn, „hvernig í ósköpunum tókst þér það?“ „Það var nú auðvelt,“ svaraði sá fyrri. „Síðustu orðin mín eru já elskan“

Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri, Lkl. Nirði Orkester Norden 2004

Árið 2004 var Orkester Norden gott. Hinir ungu tónlistarmenn héldu sex hljómleika eftir að hafa verið í æfingabúðum í Malmö um tíma.

Undir styrkri stjórn Mark Wigglesworth héldu þau rómaða tónleika í Kaupmannahöfn, Malmö, Kristianstad, Stokkhólmi, Rättvik og Oslo. Aðsóknin var góð, í Stokkhólmi fylltu 900 áheyrendur Ráðhúsið.

Að þessu sinni var meðal fluttra verka, verk eftir íslenzkan tónsmið, Hauk Tómasson, og fékk það og hljómveitin fina dóma. Í Kristilega Dagblaðinu stóð meðal annars „Nýja verkið hans „Ardente“ er spennandi tónlist, í senn ástríðufull og yfirgæfandi og fögur í viðráðanlegu og yfirveguðu formi sínu..... Haukur hefur greinilega eitthvað að segja og tækna til að tjá sig þannig að það sé bæði markvisst og vel hljómandi.

Íslensku þátttakendurnir voru ánægðir með þátt sinn, en einn af konsertmeisturum var Ari Vilhjálmsson, sem er fágætur heiður.

Ari sagði í bréfi til Lionshreyfingarinnar á Íslandi: „Fyrst vil ég fá að þakka ykkur fyrir stuðning við mig fyrir nokkrum árum, en



Jón Eyjólfsson.

ég hef tvisvar tekið þátt í Orkester Norden og einnig keppt fyrir hönd Íslands í Evrópukeppni Lions í hljóðfæraleik. Orkester Norden er að mínum dómi eitt besta tækifæri fyrir ungt íslenskt tónlistarfólk til að spila í góðri nemendahljómsveit og kyn-

ast sammendum í öðrum löndum. Stuðningur Lions við okkur íslenska hljóðfæranemendur er mjög lofsvert framtak og ég tala fyrir hönd okkar allra sem höfum farið í ON að við erum afskaplega þakklát fyrir að njóta aðstoðar ykkar.“

Á þessu ári verður það norski píánistinn Sveinung Bjelland sem mun leika píánókonsert Griegs með hljómveitinni en förlinn er heitið til Eistlands, Lettlands og Litháen auk Svíþjóðar í sumar Okko Kamu stjórnar hljómveitinni áfram og á efnisskrá auk ofanritaðs verður Mahler og Rimskij- Korsakov. Nánar má líta þetta á vefsíðu ON www.orkesternorden.se og www.sveinung.bjelland.net

Við Lionsfélagar höfum stutt dyggilega við þetta barn okkar frá fæðingu þess og er mikilvægt að við gerum það áfram.

Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegs nýs árs

Aðalendurskoðun
Bíldshöfða 14, Sími: 57 57 200

Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegs nýs árs

Gunnar & Kjartan ehf.
Öll almenn trésmíðavinna
Sími: 566 6707

Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegs nýs árs



JÓ-lagnir
Askalind 8
201 Kópavogur
gsm 897 4300
gsm 894 3450

Öll almenn pípulagningavinna

- Afmælisveisur
- Fermingarveisur
- Sælkeraveisur
- Jólahlæðborð
- Þorablót
- Árhátíðir
- Brúðkaupsveisur
- Erfisdrykkjur
- Ráðstefnur
- Fundir
- Ættarmót
- Pinnamatur
- Hlaðborð
- Smáréttir

Hlégarður



VEISLUGARÐUR
Veislupjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

Pór Steinarsson, fulltrúi Íslands í NSR-AU vinnuhópnum

Fjölmennt þing í Færeyjum

Árangursríkt samstarf - yfir átta tímabelti

Nú er nýlokið árlegu NSR þingi þar sem Lionsfélagar frá Norðurlöndunum bera saman bækur sínar. Í þetta sinn var þingið haldið í Þórshöfn í Færeyjum. Þrátt fyrir að langt væri á fundarstað fyrir flesta þingfulltrúa og maka var þátttakan góð. Yfir 200 þátttakendur frá Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Á lokahófi voru hátt í 400 gestir þar sem langflestir Lionsfélagar í Færeyjum komu til veislunnar. Að hætti Færeyinga var stiginn hringdans langt fram eftir nóttu.

Frá Íslandi voru 11 þátttakendur á vegum fjölumdamisins sá tólfti í hópnum var Robert Charboenneau kynningarstjóri MedicAlert í Bandaríkjunum. Einnig komu Íslendingar búsettir í Færeyjum og nokkrir félagar úr Lkl Nesþinga. Fyrir íslenska hópnum fór Þórunn Gestsdóttir fjölumdamisstjóri en aðrir í hópnum voru Geir Hauksson umdamisstjóri og eiginkona hans Jórunn Jörundsdóttir, Stefán Skarphéðinsson umdamisstjóri og kona hans Ingibjörg Ingimarsdóttir, Pór Steinarsson fulltrúi Íslands í stjórnunarnefnd NSR, Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og kona hans Guðrún B Yngvadóttir og Magnús B Einarson, formaður MedicAlert og kona hans Dóra Þórhallsdóttir. Kristinn Hannesson unglingskiptastjóri, sem flestir viðstaddra þekktu, sat þarna sitt fimmtánda NSR þing Hann var hylltur á þingfundinum fyrir mikið og óeigingjarnt starf.

Vegna dagsetningar þingsins var ferðalagið fyrir hópinn óþarflega langt. Fyrst var flogið til Kaupmannahafnar beðið þar í nokkrar klukkustundir og svo var flogið því sem næst jafnlangt til baka til Þórshafnar. Tók það hátt í 20 tíma frá því farið var úr húsi á Stór-Reykjavíkursvæðinu þar til komið var á hótél í Færeyjum. Heimferðin var svipuð en nú var biðtími í Kaupmannahöfn sex klukkustundir.

Síðfræði, netumhverfi og hnattrænt samhengi

NSR þingið var með hefðbundnu sniði. Á föstudegi voru haldnar átta námstefnur, fundir fjölumdamis-



Pór Steinarsson.

stjóra Norðurlandanna og fundur stjórnunarnefndar NSR. Einnig hittust ýmsir embættismenn sem stýra málaflokkum eins og unglingskiptum og alþjóðasamskiptum. Hlutur Íslendinga í námstefnunum var stór í þetta sinn. Kristinn Hannesson hélt námstefnu um þörf á sérstökum síðareglum innan unglingskipta, Magnús B Einarson stóð fyrir námstefnu um MedicAlert og með honum var Robert Charboenneau kynningarstjóri frá MedicAlert.

Jón Bjarni Þorsteinsson var í forsvari námstefnu um síðfræði í Lionsstarfi. Danir stýrðu hinum fimm námstefnunum sem fjölluðu um alþjóðasamskipti (= hjálparverkefni á vegum NSR), um LionsQuest, um unglingskipti almennt, um MERL og hvernig við berum okkur að við eflingu starfsins í klubbunum. Síðasta námstefnan bar heitið Lions Office sem er heitið á netumhverfi er tengir saman alla Lionsfélaga í Danmörku.

Á laugardegnum var sameiginleg námstefna undir heitinu „Har Norden som begreb nogen berettigelse i en globaliseret verden?“ (Eru Norðurlöndin sem hugtak til í hnattrænu samhengi?).

Á námstefnunni flutti Þrándur

ekkert samræmi er á vinnutíma Norðurlandabúa. Íbúar eru ekki með sameiginlega arfleidd. Finnar hafa tungumál sprottið af öðrum grunni. Gegnum tíðina hafa þjóðirnar verið í styrjöld hverjar við aðrar og drottnað yfir hver annarri. Enn er t.d. Grænland nýlenda Dana. En í lokin benti hann á að við værum öll lúteskrar trúar.

Að loknu innleggi Þránds tóku við hópumræður. Hvert Norðurlandanna lagði fram sína ályktun út úr hópumræðunum og úr þeim var unnin ein sameiginleg tillaga og hún samþykkt. Þingfulltrúar voru ekki á sama máli og Þrándur og bentu m.a. á að sú lífssýn sem felst í Lionsstarfi sé sameiginleg með hópnum og að hún myndi grundvöll að því að Norðurlöndin marki sér sameiginlegan sess í alþjóðasamfélagi Lions.

Að lokinni námstefnunni flutti Sören Birch Rasmussen frá Danmörku fróðlegt erindi um hamfarirnar í Asíu, sérstaklega áhrifin á Tailand. Sören hefur vegna atvinnu sinnar unnið mikið í Asíu og á marga vini þar jafnt í Lionshreyfingunni sem utan hennar. Þórunn Gestsdóttir, fjölumdamisstjóri mun gera grein fyrir erindi Sörens í annarri grein.

NSR verkefni

Eftir hádegi á laugardegi var síðan sjálft NSR þingið sem líkist mjög fjöl-

um tveimur atkvæðum. Á þessu þingi voru 48 slík atkvæði.

Á þinginu var tilkynnt að NSR verkefninu í Baldizo Silas er lokið og að afhending þess til yfirvalda í Litváen fer fram 21. maí 2005. Jafnframt var lýst framgangi á NSR verkefni í Maarja bæ í Eistlandi en því á að ljúka á næsta ári. Samþykkt var nýtt NSR verkefni í Hvíta Rússlandi nánar tiltekið í Minsk. Þar á að endurreisa gamla byggingu og breyta henni í sjúkrahús fyrir krabbameinsjúk börn. Tíðni krabbameins í börnum á Minsk svæðinu hefur aukist verulega eftir Chernobyl slysið fyrir 8 árum. Byggingin er í raun viðbót við sjúkrahús á svæðinu. Gert er ráð fyrir að heildarkostnaður við verkið verði 544 þúsund evrur og að NSR leggi til 120 þúsund evrur. Minsk borg leggur til 100 þúsund evrur og Lionsfélagar í Noregi leggja til a.m.k. 175 þúsund evrur. Einnig verður sótt til LCIF um styrk og krabbameinsfélög í Noregi hafa lofað stuðningi. Beinn hlutur NSR í verkefninu er því um 18% og í verkefninu í Baldizo Silas sem er lokið er beinn hlutur NSR um 12%.

Á þinginu voru samþykktir reikningar NSR ráðsins. Af þeim sést að um 55% af fjármagni NSR fer í kostnað vegna alþjóðþings, fyrst og fremst vegna norræns kynningar-arkvölds þar sem Norðurlöndin bjóða öðrum að koma og fræðast um lönd og þjóð.

Á þinginu var kjörinn nýr hliðstjóri (coordinator) er hefur þann starfa að samræma heildaryfirbragð í sameiginlegri skrudgöngu á alþjóðþingi og kynningarhóf sem þjóðir Norðurlandanna halda einnig sameiginlega. Samkvæmt hefð var komið að Dönum að koma með framboð í embættið og Per Christensen, fyrrverandi fjölumdamisstjóri frá Danmörku var kjörinn.

Á þinginu var reglum varðandi NSR þinghald breytt. Í nýju reglunum segir að einstök fjölumdammi beri fjárhagslega ábyrgð á þinghaldinu og verði hagnaður af þinghaldinu sé honum varið til málefna eða verkefna er tengjast NSR samstarfi.

Á þinginu var kynnt komandi þing í Kuusamo í Finnlandi í janúar 2006 og Þórunn Gestsdóttir bauð til NSR þings í Reykjavík í janúar 2007.



Djurhuus þróunarstjóri færeyska símafélagsins erindi þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að Norðurlandþjóðirnar sýndu ekki í verkum og gjörðum sínum samræmi við hnattræna hugsun og framkvæmdir. Hann benti á að með aukinni „hnattvæðingu“ hyrfi m.a. hugtakið heima-markaður. Hvað eiga Norðurlöndin sameiginlegt? Lítið, að hans mati. Þau ná yfir átta tímabelti þannig að

umdamisþingum okkar. Málefnið runnu ljúft í gegn enda búið að leysa hugsanlegan ágreining á fundum fjölumdamisstjórnanna. Við atkvæðagreiðslur á NSR þingi gildir sú regla að hvert land hefur eitt atkvæði þegar málefni er snerta fjárútlát og breytingar á reglum NSR eru afgreidd. Við afgreiðslu annarra mála fer fjöldi atkvæða eftir fjölda umdammi í viðkomandi landi að viðbætt-

Magnús Sigsteinsson, formaður Lkl Mosfellsbæjar

Fréttir frá Lionsklúbbsi Mosfellsbæjar

Starfið á haustmánuðum var með nokkuð hefðbundnu sniði. Klúbbfundir eru haldnir annan og fjórða fimmtudag í mánuði kl 19.00 í félagsheimilinu Hlégarði. Stefán umdæmisstjóri er búinn að heim-sækja okkur og bæjarstjóri Mosfellsbæjar, Ragnheiður Ríkhardsdóttir, kom og fræddi okkur um gang mála í bæjarfélaginu. Einn laugardagseftirmiðdag héldum við okkar árlega „Jól exclusive“ golfmót. Þetta er lokað innanklúbbsmót, haldið á litlum 9 holu golfvelli, sem félagi okkar Jól Kr. Jólsson, garðyrkju-bóndi, bjó til við gróðurhús sín í Reykjahlíð í Mosfellsdal. Þetta mót er alltaf hin besta skemmtun. Aldrei hefur held ég verið sleginn bolti í rúðu í gróðurhúsunum en fyrir nokkrum árum lenti bolti í hliðarglugga á Bronco-jeppanum hans Jóels og rúðan mölbrotnaði. Síðan hafa heimilisbílar verið fjarlægðir af hlaðinu meðan keppendur munda kylfurnar af mismikilli snilld og einbeitingu.

Sviðamessa

Seinni fundur okkar í nóvember hafði yfirskriftina „Óður til íslensku sauðkindarinnar“ og var undirbúningur og dagskrá hans í höndum skemmtinefndar klúbbsins. Á borðum voru svið, bæði heit og köld með rófustöppu og kartöflumús. Í fundarboði voru félagar hvattir til að taka með sér gesti sem væru líklegir til að geta unnið forsvaranlega á



kjamma eða sýni viðleitni til að vilja læra af landsfrægum hausaveiðurum innan klúbbsins og taka við þessari mögnum matarvenju og færa komandi kynslóðum. Alls tóku liðlega 40 manns þátt í sviðaveislunni og höfðu margir klætt sig í samræmi við tilefnið. Meiningin var að fá fyrirlesara úr innsta hring landbúnaðarkerfisins til að fræða mannskapinn um landbúnað. Hann forfallaðist hins vegar á síðustu stundu og var þá gripið til þess ráðs að láta fjóra klúbbfélaga, sem allir þekkja nokkuð vel til sauðkinda og telja sig vita ýmislegt um landbúnaðarmál, fræða hina.

Þessi fundur var á léttu nótonum og þótti takast mjög vel og ekki að vita nema svipuð uppákoma verði aftur næsta haust.

Jólafundur með fjölskyldum

Það er orðin föst venja hjá klúbbum að halda jólafund með fjölskyldum okkar á jólaföstudunni í stað hefðbundins klúbbfundar. Vignir Kristjánsson, veitingamaður í Hlégarði og félagi í klúbbum, útbýr jólahlaðborð og ungir og gamlir taka hraustlega til matar síns. Prestur flytur jólahugvekju, sungin eru jólalög og jólasveinn kemur í heimsókn og skemmtir. Alltaf hefur hann einhverjar gjafir meðferðis í poka sínum handa yngstu kynslóðinni og það er jú alltaf vinsælt. Að þessu sinni var það sr. Ragnheiður Jónsdóttir, annar af tveimur sóknarprestum í Mosfellsprestakalli, sem var með okkur og flutti hugvekjuna. Veislugestir voru um það bil eitt hundrað, klúbbfélagar, makar, börn klúbbfélaga og þeirra makar og barnabörn.

Herrakvöld

Herrakvöld klúbbsins verður haldið föstudaginn 18. febrúar í Hlégarði. Á herrakvöldunum okkar er boðið upp á glæsilegt fiskréttahlaðborð, ræðu við hæfi tilefnisins, skemmtatriði og happdrætti. Þetta er orðin aðal fjárflyunarleið klúbbsins og full ástæða til að vekja athygli annarra Lionsklúbba á samkomunni og hvetja menn til að kaupa sér miða og koma og skemmta sér með okkur.

Afmælisár

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar, sem áður hét Lionsklúbbur Kjalarnesþings, var stofnaður 18. mars 1965. Móðurklúbbur okkar er Lionsklúbburinn Ægir. Klúbburinn á þar af leiðandi 40 ára starfsafmæli á þessu ári. Ýmis áform eru uppi í tilefni þessara tímamóta sem of snemmt er að segja frá nú. Þó má geta þess að örugglega verður haldin vegleg afmælishátíð í vor og fyrirhuguð er öflug kynning á starfi klúbbsins meðal íbúa Mosfellsbæjar.

Tveir af stofnfélögnum eru ennþá starfandi í klúbbum. Það eru þeir Jón M. Guðmundsson, bóndi á Reykjum og Sigsteinn Pálsson, fyrrv. bóndi á Blikastöðum. Sigsteinn er að verða 100 ára og fékk sl. sumar viðurkenningu frá alþjóðaforseta Lions um að hann væri elsti starfandi Lionsfélagi í heiminum.

Meðfylgjandi mynd tók félagi okkar Guðjón Kristinsson.

SKONDIÐ • SKONDIÐ • SKONDIÐ

Fred Allen, amerískur grínisti, komst svo að orði um fundi, að þá sækti merkisfólk sem gæti ekkert gert eitt sér, en gæti saman tekið ákvörðun um að ekkert væri hægt að gera. Skyldi hann hafa sótt Lionsfund?

* * *

Frumleg vinnuskýrsla:

Fyrir allnokkru var Glava kirkja á Vermalandi í Svíþjóð endurbætt og þegar reikningar fyrir verkið voru gerðir upp, fannst meðal þeirra þetta merkilega plagg:

Hreinsaði flugnaskít úr Rauða hafinu.

Breytti boðorðunum 10 svolítið og bar fernisolíu á það sjötta.

Setti nýtt nef á ræningjann á krossinum og rétti svolítið úr fingrum hans.

Þvoði Pontíus Pílatusi, setti nýtt skinn á kruga hans og bar olíu á hann bæði aftan og framan.

Setti nýja vængi á Gabríel erkiengil og lagaði þá gömlu.

Strauk þrisvar yfir þjónustustúlku æðstaprestsins.

Setti nýjar tennur í Pétur postula og lagaði fjaðrirnar á hananum.

Lagaði himininn og bætti á hann mörgum stjörnum.

Bætti við eldinn í Víti og gerði Satan ljótari á svipinn.

Lagaði heilaga Magdalenu sem var orðin úr sér gengin.

Fór yfir meyjarnar, strauk yfir þær og endurbætti hér og þar.

Setti nýtt hár á Elías, járnaði hestinn fyrir vagni hans og glöggvaði veginn til himnaríkis.

Gerði Jósef gáfulegri á svipinn og ferniseraði eiginkonu Pótífars að aftan og framan.

* * *

Samuel Rogers sagði að það skipti ekki máli hverri maður giftist, maður kæmist hvort eð er að því að morgni að það hafi verið einhver önnur.

Halldór Ólafur Þórðarson, formaður Lionsklúbbs Patreksfjarðar

Viðhald og endurnýjun

Eitt af frumskilyrðum hverrar tegundar í lífríkinu hvort heldur er úr jurtaeða dýraríkinu til að lifa af er viðhald þess sem fyrir er og endurnýjun.

Þetta á einnig við í öllu félagsstarfi og þá ekki síst í áhugamannafélögum hvort heldur að þau hafi góðgerðarstarf eða afþreyingu að markmiði sínu. Innan Lionshreyfingarinnar er þetta vel þekkt vandamál og hafa félaganefndir og stjórnir klúbba reynt ýmsar aðferðir til þess að vinna bug á þessum vanda og hreinlega til að lifa af.

Innra starfið „viðhaldið“ er stór þáttur í starfi hvers klúbbs þ.e.a.s. að halda í og virkja þá félaga sem í klúbbunum eru, en þrátt fyrir það eru alltaf einhver afföll, menn flytjast búferlum, menn deyja eða hreinlega hætta vegna þess að þeir sjá að þetta er eitthvað sem ekki fellur að þeirra lífsmunstri.

Að sjálfsgöðu er það gangur lífsins að fólk deyi og einnig eru búferlaflutningar daglegt brauð. En það er alltaf einver von til þess að þeir sem flytjast búferlum finni sér annan klúbb til að starfa með og verði áfram virkir félagar innan hreyfingarinnar. Og í sambandi við þá sem hætta má spyrja sig þeirrar spurningar hvað eða hver klinkaði og er eitthvað hægt að gera til að koma í veg fyrir að slíkt komi fyrir?

Annað þekkt vandamál í starfsemi allra klúbba er hinn „óvirki félagi“ og er það mikil vinna hjá félaganefndum og stjórnnum að finna leiðir til þess að virkja þessa einstaklinga, fá þá til að taka þátt í starfi klúbbsins og láta gott af sér leiða, sér og öðrum til góðs. Nú spyrja menn sig: Hvað er hægt að gera? Hvað er til ráða? En eins og oft vill verða þegar stórt er spurt þá verður fátt um svör.

Búið er að reyna allskyns aðferðir til lausnar á þessum vandamálum. Dæmi er um klúbba sem voru svo uppteknir við það að vinna að mannúðarmálum að þeir voru hreinlega í dauðateygjunum, gleymdu að hlúa að innra starfi, gleymdu hinum almenna félagi, þ.e.a.s. gleymdu sjálfum sér og allir vita að til þess að geta hjálpað öðrum þá þurfa menn að vera vel á sig komnir og í stakk búnir til að takast á við hin ýmsu verkefni. Lionsklúbbur Patreksfjarðar hefur ekki farið varhluta af þessum vandamálum, það hafa verið góð ár og það hafa einnig verið mögur ár í félagsstarfinu, félagatalið hefur rokkað upp og niður og hlutfall virkra félaga oft á tíðum verið í hróplegu ósamræmi við tölu skráðra félaga.

En nú hin síðari ár hefur áráð vel í



Halldór Ólafur Þórðarson.

klúbbnum, tala félaga hefur farið hækkandi og ekki síst hlutfall virkra félaga, það hefur stór batnað og er nú svo komið að gamlir félagar sem höfðu hætta af einhverjum ástæðum eru farnir að ganga til liðs við klúbbinn að nýju, og eftirspurn eftir aðild að klúbbnum er orðin það mikil að menn standa í bið-

röð eftir því að komast að. Þennan árangur má að stórum hluta þakka leiðtogaskóla Lions. Hafa verið sendir einn til tveir félagar á þessi námskeið undanfarin ár og hafa þeir komið með ferskar hugmyndir og aðferðir heim, klúbbnum til mikils framdráttar.

Ein af þeim nýjungum sem bryddað hefur verið uppá við inntöku nýrra félaga er sú að væntanlegir félagar fá eitt ár til aðlögunar að klúbbstarfinu og til að sýna sig og sanna fyrir eldri félög-

um, það hvíla á þeim sömu skyldur og kvaðir sem á fullgildum félögum, eini munurinn á þeim og öðrum klúbbfélögum er sá að þeir eru ekki formlegir Lionsfélagar þ.e.a.s. þeir eru ekki á skrá hjá alþjóðaskrifstofu og greiða ekki nema hálf gald til klúbbsins, hafa þeir fengið nafnbótina „hvolpar“ samanber ljónshvolpar.

Að ári liðnu fer félaganefnd og stjórn yfir þeirra frammistöðu og athugar þeirra hug til þess að starfa innan Lions og ef ekki hafa komið fram athugasemdir frá félögum við aðild þeirra þá eru þeir formlega teknir inn sem fullgildir Lionsfélagar við hátiðlega athöfn.

Með þessari aðferð er auðveldara hjá mönnum að sjá hvort það starf sem fram fer innan klúbbsins er eitthvað í þá veru sem þeir höfðu gert sér í hugarlund og fellur að þeirra væntingum og ef ekki þá er mun auðveldara að

hætta við á þessum tímamarki en eftir að menn hafa gerst fullgildir félagar en þá er útkoman oftast sú að „óvirkur félagi“ hefur orðið til.

Einnig hefur verið tekinn upp sá siður að ritari yfirstandandi starfsárs verður formaður næsta árs og síðan meðstjórnandi þriðja árið, þannig fæst sterk stjórn sem er öllum málum og hnútum kunnug og er betur í stakk búin til að takast á við hin margvíslegu verkefni sem á vegi þeirra verða. Einnig fá formenn nefnda að velja sér samstarfsmenn þannig að betra samstarf næst innan nefndarinnar en ella og árangurinn skilar sér í ánægðari félögum sem ná betri árangri í starfi klúbbsins.

Það ætti að vera hverri manneskju mikill heiður að vera boðið að gerast félagi í Lionsklúbbi og fá um leið tækifæri til að starfa innan stærstu mannúðarsamtaka í heiminum í dag og láta gott af sér leiða.

Nuddpottar í öllum stærðum og gerðum

Einnig síur og hreinsiefni fyrir alla potta

Poulsen
Partur af lífinu

Skeifan 2 - 108 Reykjavík - 530 5900
poulsen@poulsen.is - www.poulsen.is

design.is@2005

Jóhann G. Gunnarsson. Lkl. Múla

Lionsklúbburinn Múli Fljótsdalshéraði

Fréttir frá starfsárinu 2003-2004.



Guðlaugur Þórðarson.

Fyrsti fundur klúbbsins þetta starfsárið var haldinn 17. september á Hótel Héraði þar sem klúbburinn hafði fengið aðstöðu fyrir fundi sína frá og með starfsárinu 2002-2003. Félagar í Múla voru 17 talsins í upphafi starfsárs og einn nýr félagi bættist í klúbbinn á starfsárinu.

Klúbburinn seldi ljósaperur með

því að ganga í hús, gefið var út dagatal þar sem fyrirtækjunum á svæðinu gafst kostur á að kaupa auglýsingu - þessar fjáraflanir er þær stærstu og halda uppi líknarsjóði. Einnig hafa verið seld súkkulaðidagatöl í verslunum fyrir jólin.

Múli hélt jólatræsskemmtun milli hátíðanna í samstarfi við Austur-Hérað.

Úthlutað var fjárstyrkjum til fjölskyldna og einstaklinga á svæðinu sem áttu í erfiðleikum fyrir jólin í samstarfi við fleiri aðila.

Á síðasta fundi fyrir jól var einn félagi heiðraður með því að veita honum Melvin Jones skjöldinn. Í þetta sinn var það Guðlaugur Þórhallsson sem hlaut þennan heiður. Guðlaugur varð áttæður í desember 2003, hefur hann verið í Lionsklúbbum Múla frá því snemma árs 1976 og hefur gegnt margvíslegum störfum í klúbbum með mikilli þrýði.

Klúbburinn á skógarlund þar sem Lionsfélögum og vinum gefst tækifæri á að kaupa sér jólatré ár hvert.

Ágóðinn af þeirri sölu rennur í félagasjóð. Þar sem landið í þessum trjálundi er orðið nokkuð þéttsetið þá var ákveðið að fá nýtt land til skógræktar í landi Finnsstaða nærri Egilsstöðum og var byrjað að planta í það nú í sumar.

Múli tók þátt landssöfnunaráttakinu Rauð fjöður og fötum var einnig safnað eins og undanfarin ár og þau send Rauða krossinum. Klúbburinn

tók þátt í unglingsamskiptum Lions og styrkti ungling til Danmerkurdvalar.

Styrkir til vímuvarna voru veittir Frjálsíþróttadeild Hattar kr. 50.000, skólakór Egilsstaðaskóla v/ Finnlandsfarar kr. 50.000 og kr. 50.000 í-þróttafélaginu Örvari sem er íþróttafélag fatlaðra.

Klúbburinn á virðulegan útfararbil sem er til leigu. Bíllinn er þá leigður með bílstjóra og hafa ákveðnir klúbbfélagar séð um að aka bílnum. Er þessi þjónusta töluvert nýtt á svæðinu. Klúbburinn hefur nú hafið sitt 34. starfsár og stefnt er að því að fjölga í klúbbum ef mögulegt er.



Gissur V. Kristjánsson kynningarstjóri Lkl. Hafnarfjarðar

Farsímar til langveikra barna

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar gefur sykursjúkum og langveikum börnum GSMsíma

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar var með árlega sölu á „Gaflaranum“ í október og nóvember sl. en Gaflarinn er barmmerki sem klúbburinn selur til að afla fjár til Verkefna- og líknarsjóða klúbbsins. Klúbburinn hefur oftast helgað aðalfjáröflun sinni fyrirfram ákveðnu málefni en hann hefur auk þess ákveðin föst verkefni.

Verkefna- og líknarnefndir klúbbs-

ins lögðu fyrir klúbbfund þrjár tillögur um hverju aðalfjárjöflun klúbbsins skyldi vera helguð. Tillögurnar voru ræddar á fundinum og samþykktu félagar að helga fjáröflunina langveikum börnum. Stjórn klúbbsins og verkefnanevnd leituðu þá til stuðningsmanna langveikra barna í Hafnarfirði til þess að afmarka verkefnið.

Fram kom að eitt brýnasta verkefnið væri að útvega GSMsíma fyrir öll langveik börn á aldrinum 6 til 12

ára. Klúbburinn ákvað að vinna að þessu verkefni. Stuðningurinn kæmi öllum langveikum börnum mjög vel, en sykursjúk börn mynda stærsta hópinn meðal langveikra barna.

Hafist var handa við að kynna verkefnið og komu Stuðningmenn langveikra barna að kynningunni með klúbbfélögum. Verkefnið var kynnt í Fjarðarpóstinum, Fréttablaðinu, Bylgjunni og Íslandi í býtið og kann klúbburinn þessum aðilum og öllum þeim sem komu að kynningunni bestu þakkir.

Hafniróðingar tóku okkur klúbbfélögunum mjög vel eins og endranær og leituðu okkur uppi framan við Fjarðarkaup og á öðrum þeim svæðum þar sem við höfðum komið okkur fyrir og keyptu Gaflarann sem þeir bæta í safnið um leið og þeir styðja gott málefni. Salan á Gaflaranum gekk mjög vel sem við nú þökkum.



Frá afhendingu GSM-síma til forsvarsmanna langveikra barna að viðstöddum fulltrúa Og Vodafón.

Stjórn Lionsklúbbsins fékk lýsingu á hvaða eiginleika GSMsímarinn þyrftu að hafa.

Með söfnunarféð í hendi og útboðslýsinguna leitaði hún eftir tilboðum frá símafyrirtækjunum. Bæði símafyrirtækin sendu inn skrifleg tilboð. Bæði buðu vandaða síma, en tilboð Og Vodafone var hagstæðara og var því tekið.

Símarinn voru svo afhentir Stuðningmönnum langveikra barna í Hafnarfirði á jólafundi

Lionsklúbbs Hafnarfjarðar að viðstöddum fulltrúa Og Vodafone.



Geir Hauksson, umdæmisstjóri, afhendir Guðjóni Þóri Þorvaldssyni og Gissuri V. Kristjánssyni viðurkenningarmerki alþjóðaforseta fyrir þátttöku í Lionsskólanum. Til hægri við þá er Lárus, formaður klúbbsins.



Minning

Ragnheiður Friðriksdóttir

f. 1. jan. 1916 og d. 23. nóv. 2004.

Kveðja frá Lionsklúbbum Engey

Hún Ragnheiður okkar er látin 88 ára gömul. Ragnheiður var meðal stofnenda Lionessklúbbs Reyjavíkur í ágúst 1985. Hún var síðan í hópi stofnenda Lionsklúbbsins Engeyjar þegar hann var stofnaður upp úr Lionessklúbbum þann 1. mars 1990. Ragnheiður var áhugasamur og góður Lionsfélagi sem tók ávallt virkan þátt í störfum klúbbsins okkar. Árið 1994 var hún fyrir störf sín gerð að Melvin Jones félagi sem er ein æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar.

Ragnheiður var mörgum góðum kostum búin en einkennandi fyrir hana var glaðværð hennar og hlýja. Viðhorf hennar var ávallt já-



Ragnheiður
Friðriksdóttir.

kvætt hvert sem málefnið var eða hver sem í hlut átti. Aldurinn færðist yfir Ragnheiði en á þessum góðu eiginleikum hennar varð engin breyting. Hiklaust má telja að hún hafi átt ríkan þátt í að skapa góðan félagsanda í klúbbum. Okkur þótti öllum vænt um hana.

Við í Lionsklúbbum Engey erum þakklátar fyrir að hafa átt Ragnheiði svo lengi í okkar hópi. Við þökkum henni fyrir allt samstarfið og vinuáttuna. Sonum hennar og fjölskyldum þeirra sendum við okkar samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning Ragnheiðar Friðriksdóttur.

Guðný Björnsdóttir

Minning

Leifur Jónsson

f. 5. júlí 1928 - d. 1. desember 2004

Við félagar í Lionsklúbbum Nesþinga kveðjum hinn ágætasta Lionsfélagi Leif Jónsson fyrrverandi skipstjóra og hafnarvörð frá Rífi Snæfellsbæ.

Ekki áttum við von á því að Leifur yrði allur tveimur dögum eftir að við gengum saman um Hellissand og Rif til þess að selja jóladagatöl til fjárflounar Líknarsjóði Lionsklúbbsins okkar.

Leifur var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Nesþinga þann 29. nóvember 1970. Hann var ávallt reiðubúinn, eins og sannur Lionsmaður, að taka að sér störf fyrir klúbbum. Leifur gegndi öllum mikilvægustu trúnaðarstörfum innan



Leifur Jónsson.

klúbbsins og ávann sér traust innan hans með störfum sínum og heiðarleika. Leifur var trúr meðbræðrum sínum og ósérhlífinn við þau störf sem klúbbum tók sér fyrir hendur. Hann hélt sinni stryrku hendi um starfið, eins og stýrið á fleyi sínu, sem hann sigldi út í sortann til veiða og heim aftur að kvöldi.

Við félagar hans í Lionsklúbbum Nesþinga sendum fjölskyldu hans og ástvinum okkar dýpstu samúðarkveðjur. Megi minning hans lifa í hjörtum okkar allra.

F.h. Lionsklúbbs Nesþinga
Guðmundur Jón Jónsson formaður

Minning

Þórður Guðmundsson,

Lionsklúbbum Mosfellsbæjar

Félögum í Lionsklúbbum Mosfellsbæjar hefur nú fækkað um einn. Góður félagi okkar, Þórður Guðmundsson vélfræðingur, lést á heimili sínu 12. desember s.l. og var jarðsettur frá Dómkirkjunni í Reykjavík 17. desember s.l. Við sjáum á bak góðum félagi sem ávallt



Þórður
Guðmundsson.

sinnti Lionsstarfinu vel og samviskusamlega og var vissulega skemmtilegur og líflegur félagi á fundum og í öllu starfi klúbbsins. Hann var félagslyndur maður og naut sín vel í góðra vina hópi.

Þórður var fæddur 13.04.1926. Ungur fluttist hann með foreldrum sínum að Reykjum í Mosfellsveit og ólst þar upp. Hann útskrifaðist sem vélfræðingur frá Vélaskóla Íslands 1953 og starfaði síðan sem vélstjóri og frá 1982 sem svæðisstjóri hjá Hitaveitu Reykjavíkur við dælustöð hitaveitunnar að Reykjum, uns hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1996. Eftirlifandi eiginkona Þórðar er Freyja Norðdahl. Heimili þeirra hefur lengst af verið að Reykjaborg í Mosfellsbæ.

Lionsklúbbum Mosfellsbæjar, sem áður hét Lionsklúbbum Kjalarnesþings, var stofnaður 18. mars árið 1965. Þórður Guðmundsson, eða Þórður á Reykjum eins og hann var

ávallt nefndur meðal okkar félaganna og sveitunganna, gekk í klúbbuminn í nóvember það ár og starfaði í Lionshreyfingunni samfellt síðan eða í slétt 39 ár. Þórður gegndi ýmsum embættisstörfum í klúbbum á þessum tíma.

Þar sem hann var afburða söngmaður og söngur hans líf og yndi, hafði hann oft það hlutverk að leiða okkur félagana í söng og gefa tóninn í upphafi Lionsfundanna okkar, því við höfum haft það til siðs að byrja hvern fund með því að syngja eitt lag. Þessu hlutverki fylgdi líka sú kvöð að velja lag við hæfi. Hann var með öðrum orðum söngmálastjóri klúbbsins. Ósjaldan söng hann líka einsöng fyrir okkur við ýmis skemmtileg tækifæri með sinni djúpu bassarödd; til dæmis lög eins og Björkjallarann, Eyja stendur upp úr sjó ... og um ræningjann Svarta Svein.

Nú er söngurinn hljóðnaður og góður Lionsfélagi horfinn úr hópnunum. Við þökkum Þórði skemmtileg kynni og langa og góða samfylgd í Lionsstarfinu. Freyju og fjölskyldunni sendum við okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Magnús Sigsteinsson, f
ormaður Lkl. Mosfellsbæjar

Frá Lionsklúbbum Akureyrar

Í minningu góðs félagi

Góður Lionsfélagi okkar, Jóhann J. Kristinsson, lést á Dvalarheimilinu Hlíð hinn 21. nóvember sl. Hann var fæddur 30. júlí 1921 í Ytra-Dalsgerði í Saurbæjarhreppi, Eyjafirði, en bjó mest alla ævina á Akureyri. Hann stundaði bifreiðaviðgerðir og var forstjóri Bifreiðaverkstæðisins Þórshamars hf. og síðan eigandi og forstjóri á Bifreiðaverkstæðinu Víkingi sf.

Jóhann gekk til liðs við Lionsklúbbum Akureyrar 3. nóvember 1960 og var félagi til æviloka. Hann gegndi flestum trúnaðarstörfum í klúbbum en var formaður starfsárið 1971-1972. Öll sín störf vann hann af einstakri samviskusemi og sem



Jóhann J.
Kristinsson.

dæmi var hann með 100% mætingu öll starfsárin, en síðustu árin var hann gerður að ævifélagi vegna veikinda sinna. Starfsárið 1983-1984 var hann umdæmisgjaldkeri í umdæmi 109 B og árið 1989 var hann gerður að Melvin Jones félagi.

Með Jóhanni er genginn einn af máttarstólpum Lionsklúbbs Akureyrar og kveðjum við hann með virðingu og söknuði og þökkum samfylgdina.

Jóhann var kvæntur Guðrúnu Aspar í 60 ár og eignuðust þau níu börn og eru átta á lifi. Við félagarnir í Lionsklúbbum Akureyrar sendum Guðrúnu og börnum ásamt fjölskyldum þeirra einlægur samúðarkveðjur.

VIÐ LEGGJUM LIÐ



VERTU MEÐ

Lions, Sóltúni 20, 105 Reykjavík,
sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is, heimasíða: lions.is